

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	05.01.2016
Málalýkill	0430
Mál nr.	1510006



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mm.is · menntamálaráðuneyti.is

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 30. desember 2015
Tilv.: MMR15011988/6.14.2-

Efni: Endurskoðun umbótaáætlunar Barnaskóla Hjallastefnunar í Garðabæ


Á haustönn 2014 gerðu úttektaraðilar, Birna Sigurjónsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, á vegum Námsmatsstofnunar úttekt á starfsemi Barnaskóla Hjallastefnunar í Garðabæ. Úttektin var gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalæsi og skv. þriggja ára áætlun ráðuneytisins um ytra mat. Matið var jafnframt hluti af samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um ytra mat á grunnskólum. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um grunnskóla, reglugerðum og aðalnámskrám. Í úttektinni er einkum lögð áhersla á þrjá þætti skólastarfsins, þ.e. stjórnun, nám og kennslu og innra mat. Fjórði þátturinn, skólabragur, var valinn að ósk skólans og sveitarfélagsins.

Umbótaáætlun dags. 11. nóvember 2015 hefur verið til skoðunar í ráðuneytinu. Ráðuneytið telur mikilvægt að við gerð umbótaáætlana sé skilgreint hverjir séu ábyrgðaraðilar fyrir innleiðingu umbóta sem og að framkvæmdir í þá veru séu tímasettar hvað varðar upphaf umbóta og hvenær áætlað sé að þeim verði lokið.

Ráðuneytið óskar því hér með eftir endurskoðaðri umbótaáætlun þar sem þessum þáttum er gerð betri skil. Á bakhlíð þessa bréfs er tillaga að uppsetningu umbótaáætlunar sem nýta má til að tryggja að þessum þáttum séu gerð góð skil.

Þess er vinsamlega mælt til að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu eigi síðar en 18. janúar 2016.

Fyrir hönd ráðherra


Sigríður Lára Ásbergisdóttir


Björk Óttarsdóttir

Ljósrit: Skólastjóri og skólaráð Barnaskóla Hjallastefnunar í Garðabæ og skólanefnd Garðabæjar

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Ábyrgðaraðili	Tillögur til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið.
Svið 1 - Stjórnun						
Fagleg forysta						
Stjórnandinn sem leiðtogi	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár.	XXX
Stjórnun stofnunar	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár.	XXX
Skólaþróun	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár	XXX
Stefnumótun og skipulag						
Starfsáætlun og skólanámskrá	XXX	XXX	XXX	Mán/ár	Mán/ár	XXX